

flutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 1/1883.

Jón Ólafsson

gegn

Indriða Einarssyni.

Dómur:

Mál þetta er svo vaxið, að Indriði endurskoðari Einarsson áleit virðingu sinni misboðið í ritgjörð nokkurri er stóð í 146. tölublaði blaðsins „Skuldar“, er út kom 21. marz f. á., og hefur ritgjörð þessi þá yfirskrift: „Misbrúkun á landssjóði“, og er undirskrifuð af einhverjum er nefnir sig „jota subscriptum“.

Sökum þessa stefndi endurskoðari Indriði ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins, Jóni alþingismanni Ólafssyni, og fjekk hann með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 6. júlí næsta eptir, dæmdan í 100 kr. sekt, og meiðyrðin, sem nefnd eru í ástæðum dómsins, dæmd dauð og ómerk, og Jón Ólafsson skyldaðan til að greiða sjer 15 krónur í málskostnað.

Þessum dómi hefur nú fyrr tjeður Jón Ólafsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 6. janúar þ. á., og heimtað sig dæmdan sýknan af kærnum og kröfum hins stefnda, og sjer dæmdan hæfilegan málskostnað fyrir báðum rjettum, eður að hann

verði látinn falla niður; þar á móti hefur hinn stefndi fyrir yfirdóminum aðeins krafizt þess, að orðin í fyrr tjeðri grein: „það lítur einhvernveginn svo út, sem þessum blessuðum Indriða gangi miklu betur að hafa út peninga, en að standa skil á þeim aptur“; „Hitt er mjær óhætt að segja, að fatta hefur hann fingur og smá, með listum plokkar hann lokuna frá — það er að segja frá landssjóðnum“. „Því mjög er hann laginn að kræla sjer peninga út úr honum fyrir ekki neitt“, og eins orðin: „plötur og plötusláttur“, sem þar standa, verði dæmd dauð og marklaus, og sjer dæmdur málskostnaður, og um leið lýst því yfir, að hann ekki beiddi um frekara.

Yfirdómurinn verður nú að vera undirdómaranum samdóma í því, að hin umræddu orð eru meiðandi fyrir hinn stefnda, og ber því að dæma þau dauð og marklaus, en með því hinn stefndi hefur, sem sagt, fallið frá því undir málsfærslunni fyrir yfirdóminum, að hinn stefndi verði sektaður fyrir þau, og þareð hann var fyllilega bær til þessa, verður hin ídæmda sekt að falla burtu. — Að því er málskostnaðinn snertir, ber áfrýjanda að greiða hinum stefnda hann fyrir báðum rjettum með 25 krónum.

Fyrir ósæmilegan rithátt um undirdómarann í sóknarskjali sínu fyrir yfirdóminum ber samkvæmt L. 1—12. og tilskip. 23. desbr. 1735, 2. gr. að sekta áfrýjandann um 10 krónur til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og 10 krónur til landssjóðs (dómsmálasjóðs).

Því dæmist rjett að vera:

Hin framan nefndu ákærðu orð eiga að vera dauð og marklaus. Málskostnað fyrir báðum rjettum lúki áfrýjandinn, alþingismaður Jón Ólafsson, hinum stefnda, Indriða endurskoðara Einarssyni, með 25 krónum; svo greiði hann og fyrir ósæmilegan rithátt 10 krónur til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og 10 krónur til landssjóðs (dómsmálasjóðs), allt innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þess undir aðför að lögum.

Mánudaginn 29. októbermán.

Nr. 31/1883

Umboðssjóður Gullbringu
og Kjósarsýslu
gegn

Þorsteini Jónssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 23. júní þ. á. af bæjarfógeta E. Th. Jónassen sem setudómara með tilkvöddum meðdómsmönnum, var hinn stefndi, Þorsteinn Jónsson, dæmdur sýkn af kærum og kröfum umboðsmannsins yfir þjóðjörðum Kjósar og Gullbringusýslu, en honum dæmdur málskostnaður frá áfrýjanda með 12 krónum.

Þessum dómi er að tilhlutun landshöfðingjans yfir Íslandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 15. ágúst þ. á., og hefur af hendi áfrýjanda